

Punkturinn 1.tbl. 3.árg. 2012 - Fréttabréf um skattamál


Með þessu fyrsta tölublaði ársins 2012 förum við ítarlega yfir þær skattabreytingar sem hafa orðið á liðnu ári. Þar er að finna allar helstu skattstærðir sem hafa áhrif á skattgreiðslur lögaðila og einstaklinga á árinu 2012.

Þá er að finna stutta fréttaskýringu á helstu þáttum gjaldeyrismála, en málefni tengd gjaldeyrismálum fyrirtækja hefur aukist undanfarin misseri.

Þá er vert að minnast á dóm héraðsdóms í máli E-7596-2010, þar sem segir að skattfyrvöld geti ekki krafist skattgreiðslu vegna lána frá eigin fyrirtæki til forsvarsmanna þess þegar lánið hefur verið greitt til baka. Telur héraðsdómur það brjóta gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrár.

Að endingu vill Skatta- og lögfræðisvið Deloitte minna á að starfsmenn þess eru ávallt reiðubúnir að veita aðstoð á svið skatta- og lögfræðimála.

- *Eftirgjöf lána sem ekki tengjast tekjuöflun rekstraraðila, skal tekjufæra að fullu.*
- *Víðtækar takmarkanir eru á fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum á milli landa, sem og á milli innlendra- og erlendra aðila, óháð landamærum. Skatta- og lögfræðisvið Deloitte hefur víðtæka þekkingu á gjaldeyrishöftunum og veitir sérfræðiþjónustu á því sviði.*
- *Skattfyrvöld geta ekki krafist skattgreiðslu vegna lána til lykilmanna fyrirtækis ef lánið hefur þegar verið greitt. Brýtur það gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.*
- *Yfirferð yfir helstu skattbreytingar 2012*



Bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 3/11. Skattaleg meðferð eftirgjafar láns - öfugur samruni

Eftirgjöf lána sem ekki tengjast tekjuöflun rekstraraðila, skal tekjufæra að fullu.

Þetta bindandi álit varðaði meðferð skulda sem R ehf. stofnaði til vegna kaupa félagsins á hlutafé í S ehf. Félagin tvö voru síðan sameinuð og nafni hins sameinaða félags breytt í A ehf., sem var álitsbeiðandi í máli þessu.

Málavextir voru þeir að með úrskurði árið 2010, endurákvæðaði ríkisskattstjóri gjöld A ehf. og felldi niður vaxtagjöld af lánum, sem R ehf. hafði tekið vegna hlutabréfakaupa í S ehf., á grundvelli þeirra forsenda að vaxtagjöld þessi teldust ekki gjöld til öflunar tekna í rekstri A ehf. Vaxtagjöldin væru af lánum sem ekki væru tengd rekstri félagsins, heldur væri um að ræða lán til fjármögnunar á kaupum hlutafjár í félaginu. Slík lán væru ekki vegna rekstrar félagsins og væru óheimil samkvæmt 104. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Niðurstaðan var því sú að ekki væri heimild fyrir gjaldfærslu vaxtagjalda af umræddum lánum í skattskilum félagsins, en beiðni þessi varðaði sérstaklega skuld A ehf. að fjárhæð kr. 3.000.000.000 við Landsbanka Íslands. Í úrskurði ríkisskattstjóra kemur jafnframt fram að svo virðist sem R ehf. hafi verið stofnað í þeim eina tilgangi að afla lánsfjár til kaupa á S ehf. og ætlunin hafi síðan verið að sameina félögin og láta þannig hið sameinaða félag standa undir kostnaði við kaup bréfanna, þ.e. kostnaði við greiðslu til fyrri eigenda. S ehf. sem hefði svo verið sameinað R ehf. sem yfirtók eignir og skuldir félagsins og síðan var nafni félagsins breytt í A ehf. Meðal þeirra skulda sem yfirteknar voru við sameininguna var fyrrgreind skuld við Landsbanka Íslands.

Miðað við forsendur úrskurðar ríkisskattstjóra það A ehf. um svar við eftirfarandi spurningum í beiðni sinni um bindandi álit:

1) Hvort A ehf. væri heimilt að líta svo á að umrætt lán sem yfirfærðist frá R ehf. til A ehf. við samruna félaganna, tilheyrði ekki A ehf.?

2) Ef svo væri að mati ríkisskattstjóra, væri A ehf. óskýlt að tekjufæra í skattalegu tilliti niðurfellingu Landsbanka Íslands á láninu

árið 2011 í skattskilum 2012, í samræmi við ákvæði til bráðabirgða XLIV skv. lögum um tekjuskatt?

Í bindandi álit ríkisskattstjóra kemur fram að þegar litið væri til úrskurðar ríkisskattstjóra væri ljóst að í úrskurðinum væri verið að fjalla um fjármögnun kaupa á hlutabréfum í S ehf. og að umrætt lán væri í andstöðu við 104. gr. hlutafjálaga þar sem fram kemur að félagi sé óheimilt að veita lán til fjármögnunar á kaupum í sjálfu sér. Það lán sem hér væri til umfjöllunar væri í andstöðu við framangreinda meginreglu, þrátt fyrir að leikinn hafi verið sá millileikur að lán sem stofnað var til af R ehf. hafi verið flutt til hins keypta félags við samruna.

Að mati ríkisskattstjóra væri ljóst að um væri að ræða lán sem R ehf. tók og færðist til hins sameinaða félags með öðrum skuldum eins og almennt gerist við samruna félaga. Lán þetta teldist því hluti af skuldum hins sameinaða félags sem ber skyldu til greiðslu þess. Frádráttarbærni gjalda, í þessu tilviki vaxta, byggðist á heimildarákvæðum og er bundin þeim skilyrðum að gjöldin séu nýtt til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við. Tekjufærsla eftirgjafar lánanna samkvæmt bráðabirgðaákvæði XLIV, og skortur á heimild til gjaldfærslu vaxtanna byggir á þeirri almennu meginreglu skattaréttarins að samkvæmni verður að vera í skattalegu tilliti varðandi skuldbindingar sem rekstraraðilar stofna til og ráðstöfun fjármuna í þágu rekstrarins. Ráðstöfun fjármuna skal með beinum hætti tengjast tekjuöflun rekstraraðila og er þá frádráttur frá tekjum heimill í skattskilum. Frádráttarbærni vaxta af lánum sem stofnað er til á einum tíma til öflunar rekstrareigna kann að breyta um eðli vegna seinni tíma atvika svo sem við samruna. Bráðabirgðaákvæði tekjuskattlaganna hafa það að meginmarkmiði að draga með beinum eða óbeinum hætti úr almennri skattskyldu rekstraraðila vegna eftirgjafar lánadrottna á rekstrarskuldum. Eðli máls samkvæmt telst eftirgjöf skulda sem ekki varða með beinum hætti tekjuöflun rekstrarins til skattskyldra tekna.

Ríkisskattstjóri tekur að lokum fram að ekki verði fallist á að umrædd lán teljist til rekstrarskulda sem bráðabirgðaákvæðum tekjuskattlaganna um eftirgjöf skulda sé ætlað að taka á. Að mati ríkisskattstjóra teldist því sá hluti lánsins sem Landsbankinn gefur eftir, að hluta til eða að öllu leyti til tekna hjá

A ehf., þar sem lánið telst ekki hafa verið tekið til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við hjá yfirtökufélaginu.

Gjaldeyrishöft

Víðtækar takmarkanir eru á fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum á milli landa, sem og á milli innlendra- og erlendra aðila, óháð landamærum. Skatta- og lögfræðisvið Deloitte hefur víðtæka þekkingu á gjaldeyrisviðskiptum og veitir sérfræðipjónustu á því sviði.

Gjaldeyrismál og gjaldeyrisviðskiptum hafa verið ofarlega á baugi undanfarin misseri. Ljóst er að reglur Seðlabanka Íslands (SBÍ) sem lögfestar voru með lögum nr. 127/2011, hafa veruleg áhrif á fjárfestingu innlendra aðila erlendis, sem og erlendra aðila hér á landi.

Verður hér gert stuttlega grein fyrir helstu atriðum reglnanna sem voru lögfestar með lögum nr. 127/2011 með breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrisviðskiptum. Efni þessarar greinar er langt frá því að vera tæmandi, enda gjaldeyrisviðskiptum viðamikil. Hægt er að leita til Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte eftir frekari upplýsingum, ráðgjöf á sviði gjaldeyris- mála eða aðstoðar við gerð umsókna um undanþágu frá lögnum.

Lögin hafa það að markmiði að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta til og frá landinu, sem valda, að mati SBÍ, alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Fjármagnshreyfingar milli landa, milli innlendra og erlendra aðila (óháð landamærum) sem og gjaldeyrisviðskipti eru almennt óheimil ef ekki er um að ræða greiðslu vegna kaupa á vörum eða þjónustu, eða að þau séu sérstaka undanþegin í lögnum. Ef ekki er að finna undanþágu í lögnum sjálfum er mögulegt að sækja um sérstaka undanþágu til SBÍ. Er það þá í höndum SBÍ að meta hvort skilyrði fyrir veitingu undanþágu séu fyrir hendi. Við matið ber SBÍ að horfa til þess hvaða afleiðingar takmarkanir á fjármagnshreyfingunum hafa fyrir umsækjanda, hvaða markmið eru að baki takmörkun og hvaða áhrif undanþága hefur á stöðugleika í gengis- og peningamálum.

Almennt eru fjármagnsflutningar og gjaldeyrisviðskipti heimil vegna greiðslu fyrir

framfærslu erlendis, ferðalaga, gjafa og launa til erlendra aðila. Einnig eru fasteigna- og ökutækjakaup erlendis heimil með ákveðnum fjárhæðartakmörkunum og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Að auki eru gjaldeyrisviðskipti og flutningar fjármagns vegna vöru- og þjónustukaupa án takmarkanna. Einnig er heimilt að greiða arð, vexti, verðbætur sem og samningsbundnar afborganir. Skilaskylda er á öllum erlendum gjaldeyri sem innlendir aðili kann að eignast. Á það einnig við um gjaldeyri sem aðili eignast vegna seldrar vöru og þjónustu erlendis.

Óheimilt er fyrir innlenda aðila að fjárfesta erlendis í hvers kyns fjármálagjörmum, t.d. í hlutabréfum erlendra félaga eða í verðbréfum. Undantekning frá þessu er ef aðilar hafa fjárfest í slíkum gerningum fyrir 28. nóvember 2008, en þá er þeim heimilt að endurfjárfesta. Innlend nýfjárfesting er þó ótakmörkuð. Með nýfjárfestingu er átt við fjárfestingu sem á sér stað eftir 31. október 2009 og felur í sér nýtt innstreymi erlends gjaldeyris sem skipt er í innlenda gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Fjármunir sem losna við sölu á nýfjárfestingu falla ekki undir takmarkanir gjaldeyrislaganna.

Takmarkanir eru einnig á lánveitingum og lántökum milli innlendra og erlendra aðila í öðrum tilvikum en vegna viðskipta milli landa með vöru og þjónustu. Engar takmarkanir eru þó á lánveitingum á milli aðila innan sömu félagasamstæðu.

Þá ber einnig að nefna að fyrirtæki sem hafa yfir 80% af tekjum og yfir 80% af gjöldum erlendis, geta sótt um undanþágu frá ákveðnum ákvæðum laganna til að auðvelda viðskipti yfir landamæri og milli aðila.

Viðurlög við brotum gegn gjaldeyrislögnum fela í sér stjórnvaldssektir eða fangelsisvist.

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-7596/2010. Stefán Ingvar Guðjónsson gegn Íslenska ríkinu.

Skattfyrirvöld geta ekki krafist skattgreiðslu vegna lána til lykilmanna fyrirtækis ef lánið hefur þegar verið greitt. Brýtur það gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Krafa stefnanda í málinu var að fá ógilda úrskurði skattstjóra Norðurlandsumdæmis

eystra, (nú RSK) og yfirkattaneftndar um sama málefni. Þrætuæfnið var að skattstjóri úrskurðaði um hækkun launa stefnanda um kr. 1.812.494 vegna rekstrarársins 2005 og kr. 4.084.053 vegna rekstrarársins 2006. Taldi stefnandi að þetta væri óheimilt. Yfirkattaneftnd staðfesti breytingu skattstjórans.

Stefnandi var framkvæmdastjóri og stjórnarmaður einkahlutafélags, en hann átti jafnframt allt hlutafé fyrirtækisins. Við uppgjör rekstrarársins 2005 skuldaði hann fyrirtækinu kr. 1.812.494 og í lok rekstrarársins 2006 kr. 5.896.547 og hafði því aukist á milli ára um kr. 4.084.053. Þegar stefnandi seldi fyrirtækið á árinu 2007 lækkaði verð fyrirtækisins sem nam skuld hans, en á móti átti hann einnig kröfu á fyrirtækið og var jafnframt tekið tillit til þess við uppgjör á sölu félagsins.

Það kom fram í dómnum að lánið hafi verið veitt á mismunandi tímum, ekki vaxtareiknuð og ekki hafi verið fyrirfram gefinn gjalddagi. Endurgreiðsla hefði verið krafist af félaginu á árinu 2007 og þá hafi verið gert upp. Hér skipti einnig máli að lánið hafði verið gert upp áður en skattfyrirvöld gerðu athugasemdir við lánveitingarnar.

Þrátt fyrir að fram komi í 1. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög að lánveitingar til framkvæmdastjóra, hluthafa og stjórnarmanna séu óheimil kemur fram í 4. mgr. sömu lagagreinar að ef slík lán eru veitt þá beri að endurgreiða lánið með dráttarvöxtum. Hér er því gert ráð fyrir að lánveiting geti átt sér stað en lánið verði mjög óhagstætt vegna dráttarvaxtakröfunnar. Telur dómurinn þetta eiga stað í 1. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga, þar sem segi, að ef skattaðilar semji um skipti sín í fjármálum á hátt, sem almennt gerist í slíkum viðskiptum, skuli verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans, en geri það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.

Stefnandi benti á að sú krafa að greiða skatt af láni sem þegar hefði verið greitt bæri í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um að eignarrétturinn sé friðhelgur. Um þetta sagði dómurinn:

Eins og áður greinir, ákvarðaði löggjafinn með setningu laga nr. 133/2001, að til tekna sem laun skyldu teljast lán til starfsmanna, sem óheimil væru samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Í 3. mgr. 1. t.l. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 er ekki gerður greinarmunur á lánum, sem endurgreidd eru, og þeim, sem eru það ekki, heldur mynda bæði tekjustofn í skilningi 1. mgr. 7. gr. laganna. Þá eru engin tímamörk fyrir því, hvenær slíkt lán er endurgreitt. Er því aðstöðumunur á þeim, sem þiggja slík lán, en endurgreiða þau ekki, og svo þeim, sem þiggja slík lán, en endurgreiða þau að fullu. Í öðru tilvikinu skapast verðmæti í hendi, en í hinu tilvikinu er aðeins um að ræða fjármuni, sem fara um hendur lántakans. Allt að einu er í skilningi tekjuskattslaga enginn greinarmunur gerður þar á. Í fyrra tilvikinu greiðir sá tekjur af þeim verðmætum, sem honum hlotnast, en í síðara tilvikinu er þeim, sem býr við slíka aðstöðu, nauðugur einn sá kostur, að ganga á eignir sínar til greiðslu tekjuskatts af lánsfénu. Í máli þessu hefur stefnandi verið krafinn um greiðslu tekjuskatts, sem hann hefur jafnframt innt af hendi, af láni, sem óheimilt er samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og hann hefur þegar endurgreitt. Með því er brotið gegn stjórnarskrárvörðum eignarrétti hans. Verða áðurgreind ákvæði laga nr. 90/2003 því ekki lögð til grundvallar í máli stefnanda.

Við svo búið felldi héraðsdómur úr gildi úrskurð skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra og úrskurð yfirkattaneftndar og gerði Íslenska ríkinu að greiða umkrafða upphæð.



Helstu skattbreytingar 2012

Yfirlit yfir allar helstu skattbreytingar sem tóku gildi um áramót.



1. Skattlagning einstaklinga

Staðgreiðsla 2012, stighækkandi tekjuskattur

Árstekjur:

Undir kr. 2.760.000 (tekjuskattur 22,9 + meðalútsvar 14,44).....	37,34%
Kr. 2.760.001 - 8.452.400 (tekjuskattur 25,8 + meðalútsvar 14,44).....	40,24%
Yfir kr. 8.452.400 (tekjuskattur 31,8 + meðalútsvar 14,44).....	46,24%

Fjárhæðamörk skattþrepa einstaklinga taka breytingum í upphafi árs en fyrir árið 2012 er hækkunin þó ekki í réttu hlutfalli við hækkun launavísitölu frá upphafi til loka næstliðins tólf mánaða tímabils eins og kveðið er á um í lögum.

Fjármagnstekjuskattur 20,00%
Þó skal ekki reikna skatt af heildarvaxtatekjum að fjárhæð kr. 100.000.

Auðlegðarskattur

Eignir frá kr. 75.000.000 til kr. 150.000.000 hjá einstaklingum	1,50%
Eignir frá kr. 100.000.000 til kr. 200.000.000 hjá hjónum og sambúðarfólki.....	1,50%
Eignir umfram kr. 150.000.000 hjá einstaklingum og kr. 200.000.000 hjá hjónum og sambúðarfólki.....	2,00%

Auðlegðarskattur hækkar úr 1,50% í 2% við álagningu 2012, 2013 og 2014 af eignum einstaklinga umfram kr. 150.000.000 og af eignum hjóna umfram kr. 200.000.000. Auðlegðarskattur af eignum einstaklinga frá kr. 75.000.000 til kr. 150.000.000 og af eignum hjóna frá kr. 100.000.000 til kr. 200.000.000 verður áfram 1,5%. Gert er ráð fyrir að auðlegðarskattur verði ekki lagður á í tvennu lagi, þ.e. á nettóeignir aðrar en eigið fé/hlutafé á 1. ári og síðan eigið fé/hlutafé á 2. ári, heldur í einu lagi. Af þessu leiðir að mat á nettóeignum í formi eigin fjár eða hlutfjár byggist á skattalegu uppgjöri fyrirtækja einu ári fyrr. Þannig verður mat á skattalegu eigin fé við álagningu 2012 byggt á skattalegu uppgjöri fyrirtækja vegna rekstrarársins 2010 og skattlagt með annarri nettóeign aðila eins og hún stóð í árslok 2011. Við ákvörðun auðlegðarskattstofns skal telja hlutabréf í félögum sem eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði fram á markaðsvirði í árslok. Hlutdeild í öðrum lögaðilum skal miðast við skattalegt bókfært eigin fé félagsins eins og það er talið fram fyrir rekstrarárin 2011 og 2012. Þann hluta virðis eignarhluta í lögaðila sem reiknað er á framangreindan hátt sem umfram er nafnverð eða stofnverð í árslok 2011 og 2012 skal telja fram í skattframtali 2013 og 2014 vegna þessarar viðbótareignar. Heimilt að nýta óráðstafaðan persónuafslátt til greiðslu auðlegðarskatts á álagningarárinu. Breytingin kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2012.

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra 9.182 kr.
Gjaldið er lagt á alla á aldrinum 16-69 ára sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2011.

Útvarpsgjald 18.800 kr.
Gjaldið er lagt á alla á aldrinum 16-69 ára sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2011.

Persónuafsláttur

Tekjuárið 2012 (kr. 46.532 á mánuði) 558.385 kr.
Persónuafsláttur skal í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysliverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils. Skattleysismörk á mánuði fyrir árið 2012 er kr. 129.810
Heimilt er að færa allt að 100% af persónuafslætti milli hjóna og sambúðarfólks sem og aðila í staðfestri samvist og skráðri samvist.

Skattleysismörk eftir lífeyrissjóðsfrádrátt 2012 1.557.720 kr.

Sjómannaafsláttur

Á dag tekjuárið 2012 493 kr.

Iðgjöld til lífeyrissjóða

Heimilt er að halda utan staðgreiðslu 4% af heildarlaunum sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum. Auk þess er heimilt að halda utan staðgreiðslu allt að 2% af heildarlaunum vegna viðbótartryggingarverndar að fullnægðum ákveðnum skilyrðum laga (lækkun úr 4% frá og með 1. janúar 2012 fyrir tímabilið 2012-2014).

Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda skal telja til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldsstofni auk kr. 2.000.000 á ári.

Vaxtabætur

Sú breyting var gerð í lok árs 2010 að vaxtagjöld sem mynda stofn til vaxtabóta teljast greiddir vextir og verðbætur á afborganir og vexti en ekki gjaldfallnir vextir eins og áður var. Kemur til framkvæmda við álagningu 2012.

Hámark vaxtagjalda og vaxtabóta:		
	Vaxtagjöld 2011	Vaxtabætur 2012
Einstaklingur	800.000 kr.	400.000 kr.
Einstætt foreldri	1.000.000 kr.	500.000 kr.
Hjón sambúðarfólk	1.200.000 kr.	600.000 kr.

Sérstök vaxtaniðurgreiðsla

Við álagningu opinberra gjalda árið 2012 er ákvörðuð sérstök vaxtaniðurgreiðsla sem er 0,6% af skuldum vegna lána sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði.

Barnabætur

Barnabætur árið 2012 eru greiddar vegna hvers barns innan 18 ára aldurs (f. 1994 eða síðar). Bæturnar eru tekjutengdar.

Eftirgjöf skulda einstaklinga utan atvinnurekstrar - framlenging

Sérstakar reglur um skattskyldu eftirgjafar veðskulda og skulda einstaklinga utan atvinnurekstrar vegna bílasamninga hafa verið framlengdar og eiga nú við um eftirgjöf á tekjuárinu 2012.

Tekjuskattur af vöxtum til erlendra aðila

Tekjuskattur af vaxtatekjum aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi lækkar úr 20% í 10% fyrir einstaklinga og úr 18% í 10% fyrir lögaðila.

2. Skattlagning atvinnurekenda

Tekjuskattur lögaðila vegna 2011

Félög með takmarkaða ábyrgð og samvinnufélög..... 20%
Aðrir lögaðilar..... 36%

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrirtæki..... 0,1285%
Skattur reiknast af heildarskuldum skv.framtali

Fjársýsluskattur

Fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög, o.fl. 5,45%
Skattstofninn eru laun og þóknarir fyrir störf

Sérstakur fjársýsluskattur

Fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög, o.fl. 6%
Tekjuskattsstofn yfir kr. 1.000.000.000

Búnaðargjald

Álagning 2012..... 1,2%

Útvarpsgjald

Álagning 2012..... kr. 18.800

Tryggingagjald/Markaðsgjald

Almennt gjaldstig..... 7,79%
Laun sjómanna..... 8,44%

Takmarkanir á frádrætti móttækis arðs falla niður

Frá 1. janúar 2012 fellur niður það skilyrði frádráttar móttækis arðs að móttakandi arðs eigi í lok þess árs sem arður er greiddur vegna a.m.k. 10% í því félagi sem greiðir arðinn og að yfirfæranglegt rekstrartap hafi verið jafnað, þ.m.t. tap sem myndast hefur á tekjuárinu.

Takmarkanir á frádrætti söluhagnaðar hlutabréfa falla niður

Frá 1. janúar 2012 fellur niður það skilyrði frádráttar söluhagnaðar hlutabréfa að yfirfæranglegt rekstrartap hafi verið jafnað, þ.m.t. tap sem myndast hefur á tekjuárinu og að seljandi hafi átt a.m.k. 10% hlut í viðkomandi félagi á söluþegi.

Reiknað endurgjald

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða telst vera með ráðandi stöðu í atvinnurekstri vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, skal reikna sér til tekna ekki lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði haft sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Sama gildir um vinnu maka manns, barna hans, venslamanna og nákominna ættingja, sem innt er af hendi við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans.

Reiknað endurgjald - ráðandi aðili

Skilgreint er í hvaða tilvikum maður telst hafa ráðandi stöðu þegar hann skal reikna sér endurgjald skv. 58. gr. tskl.

Ráðandi aðili skv. 4. mgr. 58. gr. tskl.

Viðkomandi vinni við atvinnurekstur lögaðila

Hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, þó ekki ef um er að ræða starf á vegum lögaðila sem skráður er á opinberum verðbréfamarkaði.

Hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 20% hlut í þeim lögaðila.

Ákvæði gildir einnig um starfandi hluthafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum.

Ákvæðið tók gildi í júní 2011 og kemur til framkvæmda við álagningu 2011 og á staðgreiðsluárinu 2010 eftir því sem við á.

Gistináttaskattur

Greiða skal gistináttaskatt af hverri seldri gistináttaeiningu, þ.e. af leigu á gistaðstöðu í einn sólarhring og skulu skattskyldir aðilar senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína. Gistináttaskatturinn nemur kr. 100 á hverja selda gistináttaeiningu, tilgreina skal skattinn á söluveikningi og hann myndar stofn til virðisaukaskatts. Gjald dagar skattsins eru þeir sömu og gjald dagar virðisaukaskatts.

Eftirgjöf skulda rekstraraðila - framlenging

Sérstakar reglur um skattskyldu eftirgjafar skulda rekstraraðila vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika hafa verið framlengdar og eiga nú við um eftirgjöf á tekjuárinu 2012.

3. Virðisaukaskattur

Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Þeir sem byggja íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði fá 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað endurgreiddan. Endurgreiðslan á einnig við um eigendur íbúðar- og frístundahúsnæðis vegna þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald húsnæðisins. Endurgreiðslan nær einnig til keyprar þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu íbúðar- og frístundahúsnæðis. Endurgreiðsluákvæði þessi eru tímabundin og gilda til 1. janúar 2013.

Í lok árs 2011 voru samþykktar breytingar til bráðabirgða á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 (vskl.) er varðar leiðréttingu virðisaukaskatts sem innheimtur var á grundvelli fjármögnunarleigusamninga sem fjallað var um í HRD nr. 282/2011 og dómum eða úrskurðum með sambærilegri niðurstöðu um réttaráhrif lánsamninga sem kveðnir eru upp eftir 20. október 2011. Breytingarnar eru tvennskonar:

1) Í þeim tilvikum sem viðskiptavinur fjármálafyrirtækis færði virðisaukaskatt af viðskiptum sem þessum til innskatts að fullu samkvæmt ákvæðum 16. gr. vskl., skal ekki fara fram leiðrétting á söluveikningum sem fjármálafyrirtæki hefur þegar gefið út, sem og virðisaukaskattsskilum fjármálafyrirtækis og viðskiptavinar vegna þessara viðskipta umfram það sem almennar leiðréttingarheimildir 26. gr. vskl. gera kröfu um.

2) Í þeim tilvikum sem viðskiptavinur fjármálafyrirtækis hafði ekki heimild til að færa virðisaukaskatt af viðskiptunum til innskatts, eða hafði einungis heimild til að færa hluta af honum til innskatts, skulu fjármálafyrirtæki og viðskiptavinur sem hafði hlutfallslegan innskattsrétt leiðrétta virðisaukaskattsskilin í einu lagi, þ.e. mismun þegar greidds virðisaukaskatts og þess virðisaukaskatts sem borið hefði að innheimta við sölu. Leiðréttingu á virðisaukaskattsskilum skal miða við uppgjörstímabilið þegar endurútreikningur fjármálafyrirtækis gagnvart viðskiptavini liggur fyrir og skal jafnframt viðeigandi leiðrétting gerð á skattframtali viðkomandi árs. Komi upp ágreiningur um útreikning skal leiðrétting fara fram á því uppgjörstímabili þegar úr honum er leyst. Við leiðréttingu samkvæmt þessum tölulíð skal ekki beita álagi og dráttarvöxtum samkvæmt vskl. Þá skal endurgreiðsla úr ríkissjóði vegna leiðréttingarinnar ekki bera vexti.

Verði gerðar breytingar á inntaki samningssambands fjármálafyrirtækis og viðskiptavinar þess í kjölfar dómsniðurstöðu fer um virðisaukaskattsframlenging vegna breyttra samninga eftir almennum reglum vskl.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,
yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte

Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 182,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.